

HVAÐ ER HINSEGIN?

HVAÐ ER HINSEGIN?

Hinsegin er regnhlífarhugtak yfir allt það fólk sem er ekki gagnkynhneigt og/eða fellur ekki að viðmiðum samfélagsins um hefðbundið kyn. Til dæmis trans fólk, tvíkynhneigt fólk og samkynhneigt fólk.

HVAÐ ER KYNHNEIGÐ?

Kynhneigð segir til um það hverjum fólk getur orðið skotið í, ástfangið af og laðast að. Fólk getur laðast að einhverjum af öðru kyni, af sama kyni, sumt fólk laðast að körlum og konum og sumt þælir aldrei í kyni þess sem það laðast að. Aðrir laðast ekki að neinum. Kynhneigð getur nefnilega verið alls konar, hún getur tekið breytingum og er mismunandi hjá hverjum og einum.

Gagnkynhneigð að laðast að manneskjum af öðru kyni

Samkynhneigð(lesbía, hommi) að laðast að manneskjum af sama kyni

Tvíkynhneigð að laðast að tveimur kynjum

Pankynhneigð að laðast að fólki óháð þeirra kyni (t.d. konum, körlum og fólki sem skilgreinir sig á annan hátt)

Asexúal að laðast lítið eða ekki að öðru fólki

Fordómar ríkja í garð þeirra sem eru ekki gagnkynhneigðir (t.d. sam- og tvíkynhneigðra). Mikilvægt er að gæta orða sinna og ekki uppnefna út frá kynhneigð eða gera grín að þeim sem eru öðruvísi. Við lifum í mjög gagnkynhneigðum heimi þar sem flestir gera ráð fyrir gagnkynhneigð og þarf hinsegin fólk stöðugt að koma út úr skápnem. Góð regla er að vera opin/n fyrir fjölbreytileika, ekki ganga út frá því að allir séu gagnkynhneigðir og mundu að fólk er alls konar!

HVAÐ ER KYNVITUND?

Kynvitund segir til um hvernig við viljum lifa og vera í okkar kyni. Kynvitund hefur ekki með kynfæri, líffræði eða útlit að gera, heldur með upplifun okkar af eigin kyni. Sumt fólk upplifir sig sem karla, sumt upplifir sig sem konur, sumt upplifir sig sem blöndu af hvoru tveggja, annað upplifir sig hvorki sem konu né karl. Sumt fólk fer í aðgerðir eða tekur inn hormón til að breyta líkama sínum og útliti og þannig samræma það við kynvitund sína. Annað fólk vill ekki fara í slíkar aðgerðir.

Sís-kynjun fólk sem býr yfir kynvitund og/eða kyneinkennum sem samræmast kyninu sem því var úthlutað við fæðingu(er hvorki trans né intersex)

Trans kona er kona sem var úthlutað karlkyni við fæðingu

Trans karl er karl sem var úthlutað kvenkyni við fæðingu

Kynleiðrétting ferli sem sumt trans fólk fer í gegnum til að samræma líkama sinn og kynvitund

Trans er regnhlífarheiti yfir fólk sem fer út fyrir það sem er talið hefðbundið kyn, þar undir eru trans karlar og trans konur, fólk sem fer í aðgerðir, fólk sem vill ekki aðgerðir, fólk sem vill hvorki skilgreina sig sem konu né karl, eða vill blöndu af báðum.

Miklir fordómar ríkja í garð trans fólks og er mjög mikilvægt að spyrja ef þú ert óviss um nöfn og fornöfn. Trans fólk fær oft óviðeigandi spurningar en það er mikilvægt að gera ekki ráð fyrir að trans fólk vilji endilega ræða um kyn sitt, líkama eða kynjafortíð. Vertu opin/n fyrir því að kyn er ekki alltaf eins hjá öllum, það er engin ein uppskrift að kyni og ekkert rétt eða rangt þegar kemur að kyni!

HVAÐ ER INTERSEX?

Þegar börn fæðast er yfirleitt spurt, er þetta stelpa eða strákur? Þegar kemur að intersex einstaklingum er ekki alltaf augljóst svar við þeirri spurningu. Intersex er hugtak sem nær yfir fólk sem er ekki hægt að flokka líffræðilega sem annað hvort karl-eða kvenkyns. Mikilvægt er að intersex fólk fái sjálft að ákveða sitt kyn, rétt eins og annað fólk, og þá hvort og hvernig læknisfræðilegar aðgerðir það vilji gangast undir.

HÚN, HANN, HÁN...?

Sumt fólk vill láta kalla sig hann, annað hún en einnig getur verið að fólk vilji hvorki láta ávarpa sig með kvenkyns né karlkyns fornöfnum. Þá getur fornafnið hán komið að góðum notum, en það er hvorugkyns fornafn og notast á eftirfarandi hátt: Hán hló/Ég hringdi í hán/Taskan háns er þung. Mikilvægast af öllu er þó að virða óskir og val fólks á sínum fornöfnum.

Frekari upplýsingar og aðstoð:

Samtökin 78

www.samtokin78.is | skrifstofa@samtokin78.is | 5527878

Hin – Hinsegin Norðurland hinsegin@hinsegin.net

Intersex Ísland www.intersex.is | intersex@samtokin78

Q félag hinsegin stúdenta www.queer.is | queer@queer.is

Trans Ísland www.trans.samtokin78.is | transiceland@gmail.com

Ungliðahreyfing Samtakanna 78 unglidar@samtokin78.is

Ókeypis ráðgjöf er í boði hjá Samtökunum 78.

Öll félög má einnig finna á Facebook.



Reykjavíkurborg



Reykjavíkurborg